

Nr. 17-068 S 048 Lukka EA 777

Vélarvana og dregin til hafnar

Skipaskr.nr. 6494
Útgerð: Nikolai Vakunov, Akureyri.
Smíðaður: Trefja, 1983.
Stærð: 3,16 bt. 4,56 brl.
Mesta lengd: 6,99 m Skráð lengd: 6,36 m
Breidd: 2,52 m Dýpt: 0,92 m
Vél: Volvo Penta, 133,7 kw, 2016.
Fjöldi skipverja: 1



Lukka©Nikolai Vakunov

Gögn:
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 9. október 2017 af Geirprúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 24. maí 2017 var Lukka EA 777 á strandveiðum á Húnaflóa. Veður: NNA 3-4 m/s.

Tilkynnt var um að báturinn væri vélarvana um 26 sml NNV af Skagatrönd og óskað eftir aðstoð. Björgunarskipið Húnabjörg dró Lukku til hafnar á Skagatrönd.

Við rannsókn kom fram:

- að krani á olíulögn að vél frá olíutank stíflaðist;
- að í krananum var harðnað límkiitti sem hefur komist ofan í olíutankinn þegar skipt var um olímæli á tanknum en mælirinn var þéttur með límkiitti;
- að skipt var um olímælinn samhliða vélaskiptum í apríl 2017.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu en bendir á mikilvægi þess að þegar átt er við eldsneytistanka að sérstakrar varúðar sé gætt við lokun þeirra. Sé of mikið af límkiitti notað er hættu á að hluti þess þrýstist inn í tankinn sem á endanum fer í eldsneytiskerfi með alvarlegum afleiðingum.